

Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,

haldið 15. október 2025,

samþykkir eftirfarandi ályktanir:

Staða landshlutans

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2025, skorar á Ríkisstjórn Íslands að setja af stað vinnuhóp með fulltrúum ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til að koma með tillögur um hvernig styrkja megi landshlutann og snúa við neikvæðri íbúápróun með eflingu atvinnulífs og bættra lífskilyrða.

Íbúápróun á Norðurlandi vestra hefur verið mun hægari en meðaltalsfjölgun íbúa hefur verið á Íslandi síðustu ár ásamt því að hagvöxtur í landshlutanum hefur verið undir landsmeðaltalinu. Sé horft á þróun í fjölda stöðugilda á vegum ríkisins frá árinu 2015 til 2024 þá er hún einna lægst á Norðurlandi vestra, en á því tímabili fjölga ríkisstörfum hér um 66 meðan fjölgunin í heild á landinu öllu er um 6.300 stöðugildi. Sé horft á þróunina frá 2020, en síðan þá hefur ríkisstörfum fjölgað um 23 stöðugildi eða 4,4% í landshlutanum meðan fjölgun ríkisstarfa á landinu öllu er tæplega 4.000 eða 11- 42%. Ýmsir innviðir eru einnig algjörlega óásættanlegir eins og t.d. ástand vega í landshlutanum en hér er hæsta hlutfall malarvega á Íslandi ásamt því að fjöldi einbreiðra brúa en hæstur. Landbúnaður og störf tengd honum hafa í gegnum tíðina einnig verið burðarrásin í atvinnulífinu en með aukinni tæknivæðingu og hagræðingu hefur störfum fækkað.

Þetta og margt fleira mætti nefna sem líklega ástæðu fyrir erfiðri stöðu landshlutans. En til að snúa vörn í sókn þarf samhent áttak stjórnvalda og sveitarfélaga á svæðinu. Í þeirri vinnu er mikilvægt að ríkisvaldið komi inn af fullum þunga svo neikvæðri þróun verði snúið við.

Almenningssamgöngur

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2025, skorar á Innviðaráðherra að tryggja fjármagn til bættra almenningssamgangna á Norðurlandi vestra, en eins og staðan er nú á að skerða núverandi þjónustu um 54% frá og með næstu áramótum.

Fyrir fáeinum vikum var kynnt ný tímatafla fyrir almenningssamgöngur á landi á landsbyggðinni fyrir árin 2026-2027.

Úr þessari nýju tímatöflu sem tekur gildi 1. Janúar 2026 má sjá að ferðum strætó milli Reykjavíkur og Akureyrar fækkar verulega eða úr 13 í 7. Sama er með fækkun ferða frá Akureyri til Reykjavíkur en þeim fækkar einnig úr 13 í 7 á viku. Samtals fækkar því ferðum strætó milli þessara stærstu þéttbýlisstaða á Íslandi úr 26 ferðum í 14 eða um 54%. Frá og með 1. Janúar 2026 verður einungis ein ferð á dag alla daga vikunnar.

Haustþing SSNV harmar mjög þá miklu skerðingu sem verður á almenningssamgöngum í landshlutanum með þessari fækkun ferða. Ljóst er af þeim íbúafundum sem haldnir hafa verið á liðnum mánuðum að krafa íbúanna er algjörlega í hina áttina, eða krafa um aukningu á almenningssamgöngum og þá sérstaklega innan landshlutans. Þessari skerðingu fylgir engin aukning innan landshlutans þótt stjórn SSNV hafi farið fram með þá kröfu á vinnufundum með Vegagerðinni sem haldnir voru um breytingar á almenningssamgöngum á landsbyggðinni. Þetta kemur til með að hafa áhrif á sókn nemenda framhaldsskólanna sem hafa hingað til nýtt sér þessa þjónustu til og frá heimilis og skóla.

Ljóst er að þessi niðurskurður er ekki að hjálpa til við eflingu landshlutans, heldur þvert á móti er ríkið hér að skerða vísitandi lífskjör íbúa á Norðurlandi vestra og stuðla þar með að hugsanlegri fækkun íbúa.

Samgöngumál

Haustþing SSNV, haldið 15. október 2025, skorar á innviðaráðherra að tryggja aukið fjármagn til að bæta og leggja slitlag á núverandi vegakerfi á Norðurlandi vestra. Núverandi fjármagn er langt frá því að vera nægilegt og að öllu óbreyttu mun það taka tugi ára að leggja bundið slitlag á malarvegi á svæðinu. Má einnig nefna að í þingsályktunartillögu að Samgönguáætlun 2024-2038 er ekki gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum á vegakerfi landshlutans fyrr en árið 2028, þrátt fyrir þá staðreynd að um 50% vega á Norðurlandi vestra eru malarvegir í dag og að vegir með bundið slitlag séu farnir að láta verulega á sjá, þar á meðal þjóðvegur eitt. Því er ljóst að verulega fjármagnsaukningu vantar í þennan málaflokk á Norðurlandi vestra. Þetta ógnar ekki aðeins öryggi vegfarenda heldur einnig búsetufrelsi fólks og hamlar uppbyggingu svæðisins. Samgönguáætlun sem lögð verður fyrir Alþingi í vetur þarf að taka tillit til þeirrar forgangsroðunar verkefna sem fram kemur í Samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra.

Þingið áréttar að skipting fjármagns í þingsályktunartillögu um Samgönguáætlun 2024–2028 sé með öllu óásættanleg. Samkvæmt henni fá landshlutarnir eftirfarandi fjárhæðir (ISK): Austurland 9.230.000.000, Norðurland eystra 5.250.000.000, Norðurland vestra 736.000.000, Suðurland 9.600.000.000, Vesturland 700.000.000. Slík misskipting milli svæða stenst hvorki jafnræðissjónarmið né markmið stjórnvalda um jafna búsetuskilyrði.

Því ályktar þing SSNV eftirfarandi:

Að ráðherra tryggi fjármagn til viðhalds og lagningar bundins slitlags á helstu tengivegi og stofnvegi á Norðurlandi vestra að lágmarki í samræmi við hlutfallslega þörf, vegalengd, umferðaröryggi og ástand vega.

Að hraðað verði undirbúningi og framkvæmdum á verkum sem þegar eru skilgreind í Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra; að lykilverkefni verði færð framár á tímabilinu.

Að skipting fjármagns milli landshluta verði endurskoðuð þannig að Norðurland vestra fái sanngjarna hlutdeild sem endurspeglar raunverulega þörf, ástand og hlutfall malarvega

Að innviðaráðuneyti og Vegagerðin birti reglulegar, opnar ástandsmælingar og framvinduskýrslur fyrir hvern landshluta, með samanburðarhæfum mælikvörðum (hlutfall malarvega, endurnýjunarþörf, bilunartíðni, umferðaröryggi, framkvæmda- og viðhaldskostnað).

Að öryggissjónarmið, aðgengi að grunnþjónustu, atvinnusókn og samkeppnishæfni svæðisins verði sett í forgang við val á verkefnum.

Haustþing SSNV krefst þess að stjórnvöld leiðrétti misrétti í fjármögnun, tryggi sanngjarna meðferð Norðurlands vestra og tryggi að samgöngur verði raunverulegur styrkur en ekki hindrun fyrir íbúa, fyrirtæki og framtíðaruppbyggingu landshlutans.